



FUNDARGERÐ 461. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 26. nóvember 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:06. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Jóna Sæmundsdóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Tekið fyrir

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Birkir Jón Jónsson sækir fund klukkan 14:29 undir kynningu á skýrslu framkvæmdastjóra.

2. Níu mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir níu mánaða uppgjóri SORPU.

3. Húsnæðismál Góða hirðisins

Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, gerir grein fyrir vinnu í tengslum við húsnæðismál Góða hirðisins.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Stjórn samþykkir að ganga til samninga um nýtt húsnæði fyrir Góða hirðinn og skrifstofur SORPU.“

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:52.



Skýrsla framkvæmdastjóra
26. nóvember 2021

Endurvinnslustöðvar

- Minna magn borist í ár samanborið við sama tíma í fyrra
- Innleiðing glærra poka hefur áhrif á flokkun
 - Greininga að vænta samhliða húsasorpsrannsókn
- Undirbúningur í gangi að nýrri stöð á Lambhagavegi
- Betri flokkun á plasti á stöðvum til skoðunar
 - Sérstaklega horft til flokkunar á frauðplasti
 - Tilraunaverkefni í gangi um að pressa plastið



Móttöku- og flokkunarstöð

- Húsasorpsrannsókn í gangi og verður niðurstaða kynnt í janúar
 - Magnminnkun um 5,4% miðað við sama tímabil í fyrra
 - Gengið frá kaupum á pökkunarvél og framkvæmdir hafnar við breytingar á húsnæði
 - Gengið frá samning vegna innkaupa á vinnuvélum
 - Útboðsgögn fyrir nýja úrgangshakkavél (Herkúles) í skoðun
 - Skoðun hafin á bættum búnaði til málmendurheimtar í Herkúles
 - Unnið að bættri meðhöndlun og flokkun plaststrauma til endurvinnslu
 - Unnið að breyttu stjórnskipulagi og kortlagningu á vinnsluferlum efnisstrauma
 - Skipulagning á viðhaldsteymi í gangi
-

Urðunarstaður

- Sláturúrgangur fluttur til Orkugerðarinnar.
 - Ferlar eru í stöðugri þróun
 - Móttökugjöld hafa hækkað til að mæta auknum kostnaði
 - Unnið að frágangi urðunarstaðar og bættri ásjýnd
 - Undirbúningur hafinn að aukinni gassöfnun á urðunarstað
-

GAJA

- Hluti vinnsluferlis GAJU stöðvaður 16. ágúst vegna loftgæðavandamála í stöðinni, sem m.a. olli myglu í timbur burðarvirki og þaki yfir moltuvinnslu
- Unnið er að greiningu á orsökum þessa galla á vinnsluferli GAJU og úrbótatillögum í samvinnu við VSÓ ráðgjöf
- Óljóst hvenær þroskunarferli kemst í eðlilegan rekstur aftur.
- Móttaka úrgangs í GAJU óbreytt og gasframleiðsla og óvirkjun lífræns úrgangs án vandkvæða.
- GAJA hefur tekið við 15.800 tonnum af úrgangi til vinnslu á þessu ári
- Unnið að á móttöku á sérsöfnuðum lífrænum úrgangi frá rekstraraðilum til að hámarka gasframleiðslu og tryggja að molta verði hæf til nýtingar

Gashreinsistöð og Metan

- Afhendingar hafnar á metani til Te & kaffi
 - Metanverkefni í pípunum
 - Viðræður um raf-metan við orkufyrirtæki
 - Binding koltvísýrings með niðurdælingu hófst um miðjan ágúst
 - Unnið er í samvinnu við CarbFix og hefur gengið vel.
 - Ekki búið að reikna út koltvísýringsmagn sem bundið er
 - Sá verkþáttur er á hendi CarbFix
 - Unnið er að endurbótum á gashreinsistöð til að tryggja afhendingu
 - Flutningsfletum fjölgað til að sinna nýjum viðskiptavinum
-

Góði hirðirinn

- Húsnæði verslunar í Fellsmúla þrengir að starfsemi
- Húsnæðisvandi hefur neikvæð áhrif
- Takmarkanir vegna Covid
- Nýting húsnæðis í Fellsmúla og Hverfisgötu í toppi
- Flutningur starfsmanna milli deilda til að hámarka nýtingu mannauðs



Fjármálasvið

- Níu mánaða uppgjöri lokið
 - Magnminnkun úrgangs miðað við áætlun og fyrra ár
 - Innleiðing á nýju fjárhags-, sölu- og uppgjörskerfi í fullum gangi
 - Endurnýjun á netbúnaði langt komin
 - Skýjainnnleiðing í gangi
-

Skrifstofa framkvæmdastjóra

- Sérfræðingur í fræðslu og miðlun og verkefnastjóri hringrásarinnar hafa verið ráðnir til að takast á við aukin verkefni er tengjast samræmingu flokkunar og hringrásarhagkerfinu
 - Fræðsla á mikilli siglingu
 - Vottunarúttekt á samræmdu stjornkerfi er lokið
 - Vinna við samræmingu sorphirðu gengur vel
 - Ferðir til að kanna meðhöndlun á plasti og tunnum nágrannalanda
 - Gjaldskrá kynnt Samtökum iðnaðarins og aðildarfélögum
 - Stefnuráði hleypt af stokkunum síðasta mánudag
-